


SÆRAF EHF



Tölvuverslun
Tölvuviðgerðir
Rafeindabjónusta
Siglingatækjapjónusta

Opið alla virka daga kl. 10-17

Silfurgötu 5 Ísafirði • Sími: 450 6000 - 861 7360 - 891 8260 - sraf.is



Fossavatns-
gangan

— sjá bls. 6



Óháð fréttablað á Vestfjörðum BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Miðvikudagur 4. maí 2016 · 17. tbl. · 33. árg. · Ókeypis eintak



Mynd: Benedikt Hermannsson.



HAMRABORG

Hamraborg ehf • Hafnastræti 7
Sími 456 3166



HAMRABORG
SAMLOKA

Geymist við 0-4°C
með hangikjöti og salati



HAMRABORG
SAMLOKA

Geymist við 0-4°C
með roastbeef



HAMRABORG
SAMLOKA

Geymist við 0-4°C
með kjúklingsalati



HAMRABORG
SAMLOKA

Geymist við 0-4°C
með rækjum og eggjum

*Alltaf
nýsmurt*

Bolvískir grunnskólanemar halda til Lúxemborgar

Nemendur á efsta stigi Grunnskóla Bolungarvíkur halda brátt til Lúxemborgar þar sem þau taka þátt í Erasmus+ verkefni, ásamt nemendum þar í landi, sem og frá Sikiley, Spáni og Þýskalandi. Verkefnið, sem er undir yfirskriftinni Tjáning án tungumáls, hefur staðið í tvö ár og hafa nemendur nú heimsótt öll þáttökulöndin og í hverri heimsókn byggt upp fyrir loka-sýninguna, sem er sviðslistaverk sem flutt verður í Lúxemborg.

Það eru fjórir nemendur sem taka þátt, þau heita Emil Uni, Svanhildur, Kristjana Berglind og Karolína Sif og voru þau valin í inntökuprófum þar sem þau fluttu texta fyrir dómnefnd, ásamt því að flytja eitthvað frá þeim sjálfum, söng, hljóðfæraleik eða túlkun á frásögn í gegnum líkamann. Í heildina er hópurinn tæplega 50 manns þegar saman eru komnir nemendur og kennarar frá öllum þáttökulöndunum, en hinir skólarnir

eru flestir með 8-10 þátttakendur. Nemendurnir hafa hist fjórum sinnum á þessu tveggja ára tímabili og kennarar þeirra voru með skipulagsfund í Lúxemborg við upphaf verkefnisins, ásamt því að hittast á vinnufundi í Bolungarvík á síðasta ári. Nemendurnir dvelja í Lúxemborg í 8 daga og markar dvölin þar lok þessa spennandi verkefnis sem hefur kynnt þá fyrir nýjum stöðum, nýju fólki og nýju tjáningarformi. *annska@bb.is*



Emil Uni, Svanhildur, Kristjana Berglind og Karolína Sif á Sikiley.

1. maí á Ísafirði



SÖNGSKEMMTUN Félags eldri borgarar í Skagafirði



Sönghópur F.E.B. í Skagafirði heldur söngskemmtun í Ísafjarðarkirkju sunnudaginn 8. maí nk. kl. 14:00. Söngstjóri Rögnvaldur Valbergsson Einsöngvari Þorbergur Skagfjörð Jósefsson Aðgangur kr. 2000 Kort ekki tekin



Hafdís Gunnarsdóttir

— Sjónarmið —

Mikilvægi viðburða fyrir Ísafjarðarbæ

Nú er hún nýafstaðin hin 81 árs gamla Fossavatnsganga sem er sennilega ein erfiðasta þolraun sem margir hafa þreytt. Þar á meðal ég. Þegar þessi orð eru rituð er ég enn í þreytumóki og hugsa um mikilvægi svona viðburða fyrir Ísafjarðarbæ. Á bak við svona viðburð liggur ómæld vinna sjálfboðaliða sem oftast en ekki eru í afar vanþakklátum hlutverkum. Svona viðburðir verða ekki til á einni nóttu. Vil ég hér með þakka þessu fólki fyrir þeirra störf hvort sem það var að afhenda þreyttu skíðafólki orkudrykk, taka við fatapokum skíðafólks eða hvetja það áfram í brautinni. Allt þetta og meira gerir það að verkum að stórir viðburðir eins og Fossavatnsgangan verða að veruleika.

Viðburðir sem þessir eru orðnir afskaplega mikilvægir fyrir Ísafjarðarbæ og þarf að halda áfram að styrkja þá og styðja við, enda verða þeir sífellt mikilvægari fyrir verslanir, þjónustu og ferðaþjónustufyrirtæki í sveitarfélaginu. Svo ekki sé minnst á markaðsgildið þegar ánægðir gestir fara héðan og tala t.d. um þessa mögnuðu keppni við vini sína og vandamenn, sem og þetta brjálaða litla bæjarfélag Ísafjarðarbæ sem er í raun ótrúlega framsækinn í þeim viðburðum sem hér eru. Act Alone, Aldrei fór ég suður, Mýraboltinn og Fossavatnsgangan eru dæmi um viðburði sem eru alþjóðlegir og geta vaxið sem slíkir. Til þess að svo verði þá verður umhverfið fyrir þá að vera móttækilegt og

sveitarfélagið verður að tryggja að þeir geti fengið að vaxa með tilheyrandi margfeldisáhrifum fyrir þjónustufyrirtækin í bænum. Sveitarfélagið þarf að greiða götu þessara viðburða, en ekki að setja upp hindranir þegar skipuleggjendur fara loksins að sjá til sólar eftir þrotlausa vinnu. Þó að þeir geti vaxið þá þarf að finna einhverja hárfína línu þar sem þessir viðburðir missa ekki sjarmann sem því fylgir að koma í lítil þorp. Þessum sjarma er í raun ekki hægt að lýsa né markaðssetja. Hann er bara til staðar. Þessi sjarmi gerir það að verkum að sennilega myndi ég hvergi annarstaðar vilja búa. Sjarminn er stór hluti af lífsgæðunum. Öflugt menningarlíf og geta til að stunda tómstundir, íþróttir, hreyfingu og almennt að rækta

áhugamálin sín er án efa stærsti kosturinn við samfélagið okkar. Við höfum tækifæri til að gera meira úr þessu. Í umræðunni um lengingu ferðamannatímabilsins má horfa á viðburði eins og Fossavatnsgönguna og skoða hvaða aðrar vetraríþróttir er hægt að markaðssetja með svipuðum hætti. Hér höfum við til dæmis frábærar aðstæður til að iðka fjallaskíði og eru því tækifæri til að þróa viðburð í tengslum við fjallaskíðamennsku og almennt ferðaþjónustu tengdri henni. Þetta mun taka tíma og kosta talsverða fjármuni, en Ísafjarðarbær og nágrenni hafa alla burði til þess að vera leiðandi skíðaparadís. Þessi tegund af ferðamennsku ásamt öllu hinu þarf að fara að efla með ráðum og dáðum.

Á lista National Geographic yfir 25 bestu skíðasmábæina er að finna myndir og umfjallanir um þekkt nöfn í skíðaheiminum, sem eru varla stærri en Ísafjörður og nágrenni. Á listanum er til dæmis Fernie í Bresku Kólumbíu í Kanada sem er bær með um 4200 íbúa. Honum er lýst sem fönki og sjarmerandi smábæ. Þessi áfangastaður er númer tvö á lista National Geographic. Ísafjarðarbær á að halda áfram á þeirri góðu braut sem hann er á, en setja markið hærra. Við eigum að stefna að því að koma sveitarfélaginu okkar inn á þennan lista með því að markaðssetja meira og fjárfesta meira í kringum vetraríþróttir og skíðasvæðið.

Hafdís Gunnarsdóttir

Bolungarvíkurkaupstaður

Bæjarstjóri



Bolungarvíkurkaupstaður óskar eftir að ráða öflugan einstakling til að taka við starfi bæjarstjóra Bolungarvíkur. Leitað er að hæfileikaríkum, jákvæðum og kräftmiklum einstaklingi sem er reiðubúinn til að leggja sig allan fram í krefjandi starf. Viðkomandi þarf að hafa brennandi áhuga á að ná árangri í starfi og eiga gott með að starfa með fólki. Viðkomandi þarf líka að eiga auðvelt með samskipti fyrir hönd bæjarfélagsins og að vera talsmaður þess, hvort sem er í samskiptum við opinbera stjórnsýslu, viðskiptavinum, almenning eða fjölmiðla.

Umsóknarfrestur

20. maí

Starfssvið

- Bæjarstjóri er framkvæmdastjóri sveitarfélagsins og sér um framkvæmd ákvarðana sem teknar eru af bæjarstjórn og bæjarráði.
- Bæjarstjóri undirbýr og situr fundi bæjarstjórnar og hefur þar málfrælsi og tillögurétt.
- Bæjarstjóri er æðsti yfirmaður annarra starfsmanna sveitarfélagsins, en nánari útlitun á hlutverki bæjarstjóra er að finna í 48. gr. samþykktu um stjórn Bolungarvíkurkaupstaðar á vef sveitarfélagsins, bolungarvik.is.

Upplýsingar og umsókn

capacent.is/s/2774

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi er skilyrði.
- Farsæl reynsla af stjórnun og rekstri er skilyrði.
- Þekking og reynsla af stefnumótun er kostur.
- Þekking eða reynsla af opinberri stjórnsýslu er kostur.
- Leiðtogahæfni og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Góðir skipulagshæfileikar og metnaður til árangurs.

Bolungarvík er rúmlega 900 manna bæjarfélag. Þar er góður grunnskóli, leikskóli og tónlistarskóli, íþróttahús og sundlaug. Frábær aðstaða fyrir menningarviðburði, nýtt hjúkunarheimili, ný félagsmiðstöð fyrir unglinga, íbúðir fyrir aldraða og stutt í alla þjónustu. Á næstu árum standa svo fyrir dyrum ýmsar framkvæmdir í bænum. Talsverður vöxtur hefur verið í atvinnulífnum á undanförunum árum. Miklir möguleikar til atvinnuuppbyggingar í Bolungarvík eru í sjónmáli og stöðugt skapast ný tækifæri til sóknar.

Capacent — leiðir til árangurs

capacent

ER HAFTENGD NÝSKÖPUN FYRIR ÞIG?

Nýtt nám á háskólastigi í Vestmannaeyjum

- Viltu skapa þér tækifæri í alþjóðlegum sjávarútvegi?
- Viltu búa til frumgerð af nýrri vöru?
- Hefur þú áhuga á að kynnast nýju fólki?
- Viltu vinna verkefni í tengslum við atvinnulífið?
- Langar þig að fara nýjar leiðir í námsvali?
- Viltu auka rekstrarskilning þinn?

Kynntu þér námið á vef Háskólans í Reykjavík: hr.is/vd/haftengd-nyskopun
Opið fyrir umsóknir til 5. júní



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY





Útgefandi: Athafnagleði ehf., kt. 690715-0740
Afgreiðsla og ritstjórn: Mánagötu 2, Ísafirði, sími 456 4560
Ritstjóri BB og bb.is: Bryndís Sigurðardóttir, 896 9838, bb@bb.is
Abyrgðarmaður: Bryndís Sigurðardóttir.
Blaðamaður: Smári Karlsson, 866-7604, smari@bb.is
Auglýsingar: Sími 456 4560, auglysingar@bb.is
Prentvinnsla: Litróf ehf.
Upplag: 2.200 eintök
Dreifing: Íslandspóstur. Dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfjörðum
Stafræn útgáfa: www.bb.is / facebook.com/pages/bbis
Önnur útgáfa: Á ferð um Vestfirði
 ISSN 1670-021X

Tekið er á móti auglýsingum á pósthöfundum bb@bb.is. Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 17 á mánudögum fyrir útgáfudag sem er almennt á fimmtudögum.

Ritstjórnargrein

Annasöm helgi

Það má með sanni segja að Ísfirðingar hafi tekið á honum stóra sínum um helgina þegar hent var í Fossavatnsgöngu sem auðvitað hefur tekið mikinn tíma í undirbúning. Án undirbúnings, án allra sjálfboðaliðanna og án eldmóðsins gengur svona verkefni ekki upp. Að taka á móti tæplega þúsund manns og raða þeim í fjallið, sjá til þess að allt gangi snurðulaust, gæta fyllsta öryggis, fæða og stjórna, þetta er ekki lítið. Veðurguðinn var hins vegar ekki alveg í sama liði, leiðindatið og færið í brautinni afsþyrnu erfitt, enda féllu óvenjumargir úr keppni í 50 km hringnum. En, flestir skiludu sér og okkar eigið skíðafólk náði góðum árangri, til dæmis Anna María Daníelsdóttir sem var í fyrsta sæti í 25 km göngu, 13–34 ára og var hún heilum 20 mínútum á undan næsta þátttakanda sem reyndar var Kolfinna Íris Rúnarsdóttir sem líka er frá Ísafirði. Í 50 km var Stella Hjaltadóttir rétt á hælum sigurvegarans í flokki 35–49 ára, þar munaði rúmum 2 mínútum. Gullrillurnar sem unnið hafa hug og hjörta Ísfirðinga með skemmtilegum uppákomum og gleðispreði, náðu allar sínum markmiðum þrátt fyrir versta færi í manna minnum. Með gleði að vopni má svo sannarlega flytja fjöll.

Góð þátttaka var í hátíðarhöldum á degi verkalýðsins, 1. maí. Dagskráin í Edinborgarhúsinu var vel heppnuð og veitingarnar í Guðmundarbúð voru að venju á heimsmælikvarða. Súgfirðingar stóðu líka vaktina á þessum merka degi, marseruðu um þorpið sitt, kepptu í sundlauginni, fylgdust með hátíðardagskrá í Félagshöndunum og nutu kræsinga.

Forsvarsmenn Vestra eiga heiður skilinn fyrir vinnu sína og lýðræðisást, smekkur manna er misjafn og ómögulegt að gera svo öllum líki. Það fá þó allir að segja sína skoðun og svo ræður meirihlutinn, þannig tókum við ákvarðanir og svo þarf að halda áfram. Með þessum vinnubrögðum komumst við næst því að ná sátt.

Það eru margir sem eiga skilið knús vikunnar, aðstandendur Fossavatnsgöngunnar eru margir hverjir kaldir og hraktir, þá skulum við knúsa í drasl ef við mætum þeim á götu. Þeir sem standa í stafni í baráttunni fyrir bættum kjörum eiga líka skilið knús, réttindi okkar komu ekki á silfurfati. Og stjórn Vestra á svo sannarlega skilið knús, hún er að gera góða hluti.

BS

Spurning vikunnar

Áttu fé í skattaskjólí?

Alls svöruðu 320.

Já, sögðu 101 eða 32%

Ég man það ekki, sögðu 48 eða 15%

Ég man það ekki, en ef ég á það,

þá hef ég gefið það upp til skatts, sögðu 55 eða 17%

Nei, sögðu 116 eða 36%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.



María Júlía til Húsavíkur?

Byggðasafn Vestfjarða hefur sent fyrirspurn til Norðursiglingar á Húsavík um að fyrirtækið taki við Maríu Júlíu BA og geri skipið upp. Að sögn Jóns Sigurpálssonar, forstöðumanns Byggðasafnsins, er málið á umræðustigi. „Hugmyndin er þá að Norðursigling eignist skipið og geri það upp,“ segir Jón sem telur fullreynt að það verði gert upp á vegum Vestfirðinga.

María Júlía er fyrsta björgunarskúta Vestfirðinga og á sér glæsta sögu sem slík, en ekki síður úr landhelgisstríðinu 1958 sem einn af varðbátunum í baráttu um yfirráð Íslendinga yfir fiskinum í sjónum í kringum landið.

Byggðasafnið á Maríu Júlíu ásamt Minjasafni Egils Ólafssonar á Hnjóti. María Júlía hefur legið Ísafjarðarhöfn um árabil og Jón segir að starfsmenn safnsins hafi verulegar áhyggjur af henni í höfninni og að safnið treysti sér ekki til að bera ábyrgð á henni. Viðgerð á

skipinu myndi kosta verulegt fé, eitthvað upp undir 200 milljónir króna að sögn Jóns. „Ef hún fær þá umönnun sem hún á skilið, þá skiptir ekki máli hvar það verður gert, en vissulega hefði ég kosið hún yrði áfram á Vestfjörðum,“ segir Jón.

María Júlía er nátengd sögu Vestfjarða. Það hafði lengi verið baráttumál sjómanna, slysavarnarfólks og fleiri á Vestfjörðum að fá björgunarskip fyrir þennan landshluta. Má segja að fyrstu krónurnar sem söfnuðust til smíða á skipi því sem í fyllingu tímans hlaut nafnið María Júlía, hafi verið á Patreksfirði. Það var þegar sr. Einar Sturlaugsson hvatti til söfnunar á björgunarskútu fyrir Vestfirði í guðþjónustu í Patrekskirkju árið 1933. Þetta var upphafið, en það var ekki fyrr en 17 árum síðar að draumur sr. Einars varð að veruleika. Í Árbók Slysavarnarfélags Íslands 1950 segir svo um jómfrúarsiglingu Maríu Júlíu

til Vestfjarða: „Á Vestfjörðum var skipinu fagnað á hverri höfn og því búin hin prýðilegasta móttaka. Með í för vestur var forseti Slysavarnarfélagsins og fulltrúar slysavarnardeildanna á Vestfjörðum. Er skipið fór fram hjá Bjargtöngum afhenti Þórður Jónsson frá Hvallátrum forseta Slysavarnarfélagsins kr. 1000,00 gjöf í minningarsjóð um Gest Jónsson bróður hans frá foreldrum Gests, systkinum og öðrum vandamönnum, en tilgangur sjóðsins skyldi vera að verðlauna skipverja á „Maríu Júlíu“ fyrir björgunarafrek.“

Fleiri Vestfirðingar lögðu fram mikið fé til skipsins, en stærst var þó gjöf hjónanna Maríu Júlíu Gísladóttur og Guðmundar Br. Guðmundssonar kaupmanns á Ísafirði, sem árið 1937 gáfu mestallar eigur sínar í björgunarskútasjóð. Það þótti því vel við hæfi, þegar skipið var loks komið til landsins, að nefna það eftir Maríu Júlíu.

Síðasta sýning Maju

Myndlistarkonan Maja hefur verið afkastamikil lista- og handverkskona undanfarin ár. Þekktasta sköpun hennar er vafalítið konur, án andlits, sem birtast út um víðan völl í hinum ýmsu útgáfum af íslenska þjóðbúningnum. Maja, sem fullu nafni heiti María Guðbrandsdóttir býr og starfar í Súðavík ásamt eiginmanni sínum Sveinbirni Dýrmundssyni og eru þau hjónin mikið handverksfólk og hafa þau verið iðin við að bjóða upp á varning sinn sem samanstendur til að mynda af máluðum myndum, skarti úr íslenskum steinum, renndum kertastjökum

og máluðum trúfígúrum á hinum ýmsu mörkuðum á svæðinu.

Maja stundaði nám við Myndlista- og handíðaskólan í Reykjavík, ásamt því að hafa setið fjölda námskeiða í myndlist, handverki og skartgripa- og silfursmíði. Hún hefur haldið fjölda myndlistasýninga á Vestfjörðum, Snæfellsnesi og í Reykjavík. Maja er nú með sýningu á verkum sínum í Hamraborg og mun þetta vera síðasta sýning hennar á Vestfjörðum, í bili hið minnsta, því í júní munu þau Maja og Sveinbjörn taka sig upp og flytja búferlum í Garðinn. amnska@bb.is



Andlitslausu þjóðbúningakonurnar eru þekktasta vörumerki Maju og hér dansa þær um á einu verkanna sem nú er til sýnis í Hamraborg.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS



498
kr. kg

Danpo Kjúklingur
Danskur, heill, frosinn



200kr
verðlækkun



1.198
kr. 700 g

Rose Kjúklingalæri
Frosin, 700 g
Verð áður 1398 kr.



1.279
kr. 900 g

Euro Shopper Kjúklingabringur
Frosnar, 900 g

GOTT VERÐ Í BÓNUS



Foreldað
Aðeins að hita

998
kr. kg

Ali Spareribs
Foreldað, ferskt



998
kr. kg

Bónus Grísabógsneiðar
Kryddaðar, ferskar



1.298
kr. kg

Bónus Grísakótleitur
Með beini, kryddaðar,
ferskar

100%
Íslenskt
ungnautakjöt



4stk
80 g

579
kr. 2x140 g

549
kr. 2x120 g

598
kr. 4x80 g

Islandsnaut
Ungnautaborgarar
2x140 g, 2x120 g eða 4x80 g



359
kr. 1,35 kg

Heinz Tómatósósa
1,35 kg

ALLAR VERSLANIR BÓNUS
ERU OPNAR Á
UPPSTIGNINGARDAG FRÁ
11:00-18:30



2015
slátrun

698
kr. kg

KS Lambasúpukjöt
Haustslátrun 2015



ÓDÝRT OG
HOLLT

298
kr. kg

KS Lambahjörtu
KS Lambalifur
Frosin



359
kr. 3 rl.

Nicky Eldhúsrúllur
3 stk.

898
kr. 12 rl.

Nicky Salernisrúllur
12 stk.

BÓNUS EKKERT BRUÐL

Opnunartími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

Verð gilda til og með **8. maí** eða meðan birgðir endast



Fádæma erfiðar aðstæður

Markus Ottosson frá Svíþjóð og Justyna Kowalczyk frá Póllandi voru sigurvegar í Fossavatnsgöngunni 2016. Markus gekk 50 km á 2 tímum og 24 mínútum og Justyna fór 50 km á 2 tímum og 40 mín. Fyrstu Íslendingar í 50 km voru Albert Jónsson frá Ísafirði og Elsa Guðrún Jónsdóttir frá Ólafsfirði.

Um 800 manns tóku þátt í Fossavatnsgöngunni, en keppt var þremur vegalengdum

Aðstæður voru fádæma erfiðar á laugardaginn og þurfti að breyta göngunni og í stað þess að ganga yfir í Engidal var 50 km göngunni breytt á þann veg að gengnir voru tveir 25 km hringir. Það var ekki bara veðrið sem gerði göngumönnum erfitt fyrir heldur var færið einnig með versta móti og fjöldi keppenda lenti í brasi með skíðin sem varð til þess að óvenjumargir keppendur í 50 km hættu keppni.



Myndir: Benedikt Hermannsson.



BARNGÓÐAR KRÓNUR TAKA Á LOFT

FJÖLSKYLDAN FLÝGUR SAMAN Á VIT ÆVINTÝRANNA

FLUGFELAG.IS



KRÓNAN VEITIR 99% AFSLÁTT

fyrir barnið aðra leiðina + flugvallarskattar. Greiða þarf flugvallarskatta og eru þeir 1.700 kr. frá Reykjavík og 1.360 kr. frá öðrum áfangastöðum innanlands.

FERÐATÍMABILIÐ ER FRÁ 1.-31. MAÍ BÓKANLEGT FRÁ 1.-7. MAÍ

Sláðu inn í bókanarvélina flugsláttinn KRONA til að tryggja þér þetta tilboð.

ÞETTA EINSTAKA TILBOÐSFARGJALD:

- Gildir til Reykjavíkur, Akureyrar, Ísafjarðar, Egilsstaða, Grímseyjar, Vopnafjarðar og Þórshafnar
- Er fyrir börn, 2-11 ára, í fylgd með fullorðnum og í sömu bókun
- Býðst eingöngu þegar bókað er á netinu, www.flugfelag.is
- Ekki er hægt að bæta barni við bókunina eftir á
- Ekki er hægt að nota tvo flugslætti í sömu bókun



FLUGFÉLAG ÍSLANDS

Fiskeldislandið Ísland

Frá Yfirkjörstjórn Norðvesturkjördæmis

Til væntanlegra frambjóðenda í forsetakosningum
25. júní 2016

Yfirkjörstjórn Norðvesturkjördæmis kemur saman til fundar að Hótel Borgarnesi, Egilsgötu 16, Borgarnesi, fimmtudaginn 19. maí nk., kl. 13:00, til þess að gefa vottorð um meðmælendur forsetaefna samkvæmt 4. gr. laga nr. 36 frá 1945, um framboð og kjör forseta Íslands.

Þess er óskað að frambjóðendur skili meðmælendalistum með nöfnum meðmælenda úr Norðvesturkjördæmi til yfirkjörstjórnar í dómssal Héraðsdóms Vesturlands, Bjarnarbraut 8, Borgarnesi, föstudaginn 13. maí nk. milli kl. 10 og 12, til þess að unnt verði að undirbúa vottorðsgjöf yfirkjörstjórnar.

Vakin er sérstök athygli á að afhenda skal yfirkjörstjórn frumrit meðmælendalista. Yfirkjörstjórn Norðvesturkjördæmis gefur eingöngu út vottorð um meðmælendur úr eigin kjördæmi.

Til að flýta fyrir yfirferð og vinnslu er mælt til þess að meðmælendalistar verði skráðir með rafrænum hætti á þar til gerðu vefsvæði á www.island.is áður en þeim er skilað til yfirkjörstjórnar.

2. maí 2016

Yfirkjörstjórn Norðvesturkjördæmis

Kristján G. Jóhannsson

Guðný Ársælsdóttir

Ríkarður Másson

Guðrún Sighvatsdóttir


Björg Gunnarsdóttir

Vöxtur fiskeldis á Íslandi undanfarin ár hefur varla farið fram hjá þeim sem fylgjast með atvinnuuppbyggingu á landsbyggðinni. Íslenskir bleikjuframleiðendur eru í fararbroddi á mörkuðum í Evrópu og hafa byggt upp mikla þekkingu á ræktun og framleiðslu á bleikju. Þá eru mjög spennandi hlutir að gerast á Reykjanesi þar sem byggð hefur verið upp framleiðsla á senegalflúru í hátæknivæddri landstöð sem er á pari við það besta sem gerist í heiminum. Og svo er það laxinn. Við erum á ný stöðd í miklu uppbyggingarferli í laxeldi. Á Vestfjörðum hafa fyrirtækin náð afar athyglisverðum árangri í sjókvíaelði og sýnt fram á að eldið geti orðið mikill máttarstólpi atvinnulífs í strandbyggðum Íslands. Elsta fyrirtækið er nú að setja út sína sjöundu eldiskynslóð og er löngu ljóst orðið að ekki er um neina tilraunastarfsemi að ræða. Frá árinu 2011 hafa verið flutt út nálægt 6000 tonn af laxi frá Vestfjörðum.

Fyrirtækin nýta ímynd Íslands og hreinleikann í markaðsstarfi sínu og hefur tekist að festa sig í sessi á þeim mörkuðum þar sem greitt er sérstaklega fyrir slíkt. Lykilhlutverki í góðum árangri

gegnir m.a. sú staðreynd að hér á landi er notkun sýkla- og lúsalyfja óheimil í eldinu og er sá þáttur sem einna mikilvægast er að standa vörð um. Á Austfjörðum er líka ýmislegt spennandi að gerast. Myndarlegt silungs- og laxeldi í Berufirði ásamt undirbúningi að laxeldi í Reyðarfirði bera þar hæst.

Þar sem fiskeldi hefur náð að dafna hafa orðið sérlega jákvæð áhrif á atvinnulífið með aukinni fjölbreytni starfa sem laða að sér ungt fólk með fjölbreyttan bakgrunn. Þess sjást nú skýrust dæmi á sunnanverðum Vestfjörðum þar sem mikill viðsnúningur hefur orðið á nokkrum árum. Og nú er komið að norðursvæðinu. Þrjú fyrirtæki hafa kynnt áætlanir um laxeldi í Ísafjarðardjúpi á næstu misserum. Í tilefni af því mun Landssamband fiskeldisstöðva bjóða til opins málþings um sjókvíaelði í Djúpinu þann 10. maí næstkomandi í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði. Markmiðið með málþinginu er að kynna fyrir áhugasömum þau tækifæri sem felast í laxeldinu og jafnframt þær áskoranir sem eldinu fylgja. Fiskeldismenn eru afar meðvitadír um að sjálfbærni þeirra í atvinnulífinu byggist að miklu leyti á samspili fyrirtækjanna og



samfélaganna þar sem þau starfa og þær atvinnugreinar aðrar sem þar þrífast fyrir. Því er samtal atvinnugreinanna afar mikilvægt og er markmið málþingsins að bjóða uppá slíkt samtal. Málþingið er opið öllum og eru allir áhugasamir um uppbyggingu á svæðinu hvattir til að mæta. Við vonum til að sjá sem flesta.

*Höskuldur Steinarsson
formaður Landssambands
fiskeldisfyrirtækja*

Aðalfundur

Verkalýðsfélags Vestfirðinga verður haldinn
miðvikudaginn 18. maí 2016 kl. 18:00, á Hótel Ísafirði

*Boðið verður upp á léttan málsverð
að lokinni hefðbundinni dagskrá*

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar
2. Kynntur ársreikningur fyrir starfsárið 2015
3. Tillögur um reglugerðabreytingar:
a) Sjúkrasjóðs
4. Ákvörðun félagsgjalds og hlutfall í vinnudeilusjóð
5. Lögð fram tillaga um laun til stjórnar og nefnda
6. Kosning síðanefndar skv. 28. gr. starfs- og síðareglna félagsins
7. Önnur mál

*Allir félagsmenn eiga jafnan atkvæðis- málfrelsis- og tillögurétt
á aðalfundi og eru hvattir til að mæta og nýta sér þann rétt.*

*Áriðandi er að staðfesta þátttöku við skrifstofu félagsins á
Ísafirði í síðasta lagi þriðjudaginn 17. maí 2016.*

Stjórn Verk Vest

**VERK
VEST**

OPIÐ MÁLPING UM SJÓKVÍAELDI Í ÍSAFJARÐARDJÚPI

Haldið á 4. h. í Stjórnsýsluhúsinu
á Ísafirði þriðjudaginn 10. maí 2016 kl. 16

Dagskrá:

- 16.00 – 16.15: Höskuldur Steinarsson, fráfaramandi stjórnarformaður
Landssambands fiskeldisstöðva: **Fiskeldi á Íslandi, staða og horfur**
- 16.15 – 16.25: ATVEST – Jón Páll Hreinsson:
Klasasamstarf fiskeldisfyrirtækjanna á Vestfjörðum
- 16.25 – 16.50: Gunnar Davíðsson, deildarstjóri hjá atvinnuþróunardeild
fylkisstjórnar Troms fylkis í Norður-Noregi:
**Skipulagsmál og meðhöndlun hagsmunaárekstra við
uppbyggingu laxeldis í Norður-Noregi**
- 16.50 – 17.00: Kaffihlé
- 17.00 – 17.15: Gísli Jónsson, dýralæknir fisksjúkdóma hjá MAST:
Staða heilbrigðismála í fiskeldi á Íslandi
- 17.15 - 17.25 Pétur G. Markan, sveitarstjóri Súðavíkurhrepps:
Fiskeldi eða ferðapjónusta – Fiskeldi OG ferðapjónusta
- 17.25 - 17.35 Indriði Indriðason, oddviti Tálknafjarðarhrepps:
Hagræn áhrif fiskeldis í Tálknafjarðarhreppi
- 17.35 - 17.45 Ásthildur Sturludóttir, bæjarstjóri Vesturbyggðar:
Samfélagsleg áhrif fiskeldis í Vesturbyggð
- 17.50 - 18.30 Umræður

Fundarstjóri: Pétur G. Markan, sveitarstjóri Súðavíkurhrepps

**BLEIK
FRAMTÍÐ**

Ábyrg atvinnuuppbygging



LANDSSAMBAND
FISKELDISSTÖÐVA



Sportið í beinni...

miðvikudagur 4. maí

18:30 Real Madrid - Man City

20:45 Meistaradeildarmörkin

fimmtudagur 5. maí

19:00 Liverpool - Villarreal

19:00 Sevilla - Sh. Donetsk

19:05 Breiðablik - Stjarnan

20:00 Golf - PGA Tour

Dagar Íslands

4. maí 1803:

Bjarni Bjarnason og Steinunn Sveinsdóttir frá Sjöundá á Rauðasandi voru bæði dæmd til lífláts fyrir að myrða maka sína árinu áður. Steinunn dó í fangelsi í Reykjavík 1805, en Bjarni var fluttur til Noregs og hálshöggvinn þar síðar sama ár.

5. maí 2000:

Samfylkingin var formlega stofnuð sem stjórnmalaflokkur á Íslandi.

6. maí 1882:

Á Vestfjörðum rofaði til eftir stórhrið sem staðið hafði óslitið í 27 daga. Hálfum mánuði síðar skall hriðin á aftur og stóð sleitulaust fram í miðjan júní.

7. maí 1812:

Óveður geisaði á Vestfjörðum og fórust 54 menn á sjö skipum frá Önundarfirði.

8. maí 1945:

Síðari heimsstyrjöldinni lauk í Evrópu með uppgjöf Þjóðverja.

8. maí 1970:

Tólfta og síðasta breiðskífa Bítlanna, Let It Be, kom út.

9. maí 1974:

Sverrir Hermannsson flutti lengstu ræðu sem flutt hafði verið á Alþingi og talaði í rúmlega fimm klukkustundir.

11. maí 1949:

Nafni landsins Síam var breytt í Taíland í annað sinn.

Helgarveðrið

Á fimmtudag og föstudag:

Ákveðin norðan- og norðvestanátt með rigningu, slyddu eða snjókomu norðantil, en þurrt sunnanlands.

Hiti breytist lítið.

Á laugardag:

Breytileg átt 3-8 og bjart með köflum, en stöku el á norðausturhorninu framan af degi.

Hiti 2 til 9 stig, mildast sunnan heiða.

Á sunnudag:

Austlæg átt og dálítil væta sunnan- og austanlands, en þurrt annars staðar.

Hiti víða 3 til 8 stig.

Krossgátan

					KROTA	TRUFLA	SÓT		TVEIR EINS	LAX-BRÓÐIR	BLÓM
				ERFIÐ-LEIKAR							
				FLJÓT-FÆRNI				ÆXLUNAR-KORN			
								HÆNGUR			
				ÍLÁTA					Í RÖÐ		
									TÆLA		
				DIMMA							SPERGILL
	↓	SPILLA	FRÁ	ÁTT				NUDDA			
				HRYGGUR				SPILA			
TEYGJU-DÝR						RÍKI					
						TRYGGING					
AFHENDA					ÓP					DREPA	
					ÞEKKI						
ÓNEFNDUR				PEST					MJAKA		
				FORMÓÐIR					INNYFLI		
SÍÐA				EIGIND					MÖNDULL		
				STÓRUM					SÓÐA		
UMGERÐ						MEGIN					PLANTA
						HÖLD					
		Í MIÐJU						ERLENDIS			
		ÁLÍTA						LABBA			
ÁHRIFA-VALD					STORKA						BETRUN
					RÍKI Í ASÍU						
DRYKKUR				EINNIG					HNOÐAÐ	BERIST TIL	
				BLUNDUR						FÁLM	
GÓÐ LYKT						RÍKI Í SUÐUR-ASÍU					
SKÍNA						MISSA					
YFIR-BREIÐSLA					LUMMA						

BÍLAVERIÐ ehf

Hjólbarðapjónusta
Smurpjónusta

Smáviðgerðir

Sindragötu 14 • 400 Ísafirði
Sími 456 3501 • www.bilaverid.is

H.V. UMBOÐSVERSLUN ehf

Suðurgötu 9 • 400 Ísafjörður • Sími 456 4666 • Netfang hekla.vestfj@hafsteinn.is



HEKLUSALURINN

Nýir bílar og notaðir

Þjónusta í heimabyggð frá 1983

Lausn á síðustu krossgátu



		SPIL	SNÍKILL	MÝKJA		STORMUR	RÍKI Í ARABÍU	PURKKA ÚT
HITA-EINING	K	A	L	O	R	Í	A	
ÁI	A	F	I	HLUTI VERKFERIS GEIL	O	R	F	
TUNGUMÁL	S	Æ	N	S	K	A	M	
ÁHRIFA-VALD	Í	T	A	K	KOMAST FÁLMA	N	Á	
↓	LAND Í AFRIKU	TVEIR EINS	ÁTT FARFA	FRÁ HRUKKA	A	F	RA	BAND
SKEKKJA	H	A	L	L	BEITI-SIGLING HJA	K	R	U
ÆVIKYÖLD	E	L	L	I	FRAMKOMA JAFNT	V	I	Ð
YÖRU-MERKI	S	S	L	I	Þ	R	A	L
TÆFA	T	Í	K	I	Ð	R	A	G
ELDSTÆÐI	A	R	I	N	N	A	S	Í
	S	VERST SJÁ	S	Í	S	T	ÓFRÆGJA NÓTERA	N
PEKKI	V	E	I	T	TEMJA	A	G	A
HÖLMÍ	E	Y	DJAMM SAKKA	R	A	L	L	T
BLÓÐSUGA	I	G	L	A	VEIKI SAMTÖK	K	Ó	L
NEYTA	N	J	Ó	T	A	VÆTL	S	E
SLANGA	N	A	Ð	R	A	FLAT-ORMUR	A	G

Sudoku þrautir

	5				1	2		
9				5			8	
	3	1	2	8	7	5		6
		3	5			9	2	4
		4					3	
	8				9			7
3		8	9	7		4		2
	4		8	3	2	1		9
	7	9	1	6				8

	4	3						
				2	7	8		1
				9	6		2	
			8					
5		9			1			
8		4					9	
				8		5		
				3			4	8
1	8	7	2	5				

Heimavist MA og VMA á Akureyri



Umsóknarfrestur er til 10. júní 2016
Nánari upplýsingar og umsóknir á heimasíðunni:
www.heimavist.is

Hlökkum til að sjá ykkur í haust
Starfsfólk Heimavistar MA og VMA

Á heimavistinni búa um 330 framhaldsskólanemendur
Heimavistin er gott og öruggt heimili þar sem vel er búið að íbúum

Auglýsingasími bb.is er 456 4560

Þjónustuauglýsingar

PRENTUM
ALLT MILLI
HIMINS

↑
OG
↓

JARÐAR

Mánagötu 2
400 Ísafirði
Sími: 456 4560
Netf.: honnun@bb.is

Fréttir og
upplýsingar um
réttindi og kjör
á vinnumarkaði
www.verkvest.is

ENDURSKOÐUN
VESTFJARÐA ehf

Sími í Bolungarvík 450 7900
Sími á Ísafirði 450-7910

Aðalstræti 19, 415 Bolungarvík • Hafnarstræti 9, 400 Ísafjörður

HRADFRYSTIHÚSÍÐ-GUNNVÖR HF.
- sjálfbær nýting sjávarauðlinda

NÝTT BRAGÐ

Sá græni

Bragðgóður og ferskur skyrdrykkur án hvíts sykurs með agave og steviu.

Fylltur af grænum orkugjöfum.



KEA SKYRDRYKKUR
fyrir heilbrigðan lífsstíl

 **STEVIA**
Náttúrulegur
sætuþjafi